ekkert sjeð því til fyrirstöðu, að hjálpa þurfamanni um hey á kostnað sveitarsjóðs, ef slíkur styrkur er nauðsynlegur til að varna því, að hann felli skepnur þær, sem hann má ekki án vera sjer og ómögum sínum til framfæris, sjer í lagi kýr, og eins verður varla haft neitt á móti því, að matbjörg sú, sem getur um við 3. tölul., hefir verið lögð þurfamanninum af sveitarfje. **34** 6. apríl.

Með því að eigi hefir verið hreift neinum mótmælum gegn upphæð endurgjalds þess, sem Ölveshreppur hefir krafizt fyrir matbjörg þessa og heyhjálp, og þar sem Guðmundur Guðmundsson, áður en hann fluttist í Ölveshrepp, var búinn að ávinna sjer sveitfesti í hinum sameinaða þingvalla- og Grafningshreppi með 14 ára dvöl í Grafningi, geta nefndir hreppar í sameiningu samkvæmt dómsmálastjórnarbrjefi frá 2. nóvbr. 1861 eigi komizt hjá því, að endurgjalda Ölveshreppi 7 rd. 64 sk. eða 15 kr. 33 aura og 60 fiska af upphæð þeirri, sem ágreiningurinn hefir risið út af, og skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, hlutizt til um, að svo verði gjört.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* verðlaun fyrir björgun úr lífsháska. — Með þessu brjefi var amtmanninum tilkynnt, að ráðgjafinn, samkvæmt tillögum landshöfðingja, hefði veitt Sigurði vinnumanni Erlendssyni á Útskálum 40 króna verðlaun, fyrir að hafa tvisvar lagt líf sitt í sölurnar til að bjarga alls 5 mönnum, sem borizt hafði á á sjó, og fyrir að hafa gjört tilraun til að bjarga mönnum af sexæringi, er fórst. **35** 7. apríl.

— *Brjef* landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík um* toll af strönduðu víni. — Í brjefi frá í dag hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að frakkneskt fiskiskip hafi fyrir skemmstu strandað á Suðurnesjum, og með því að nokkuð af því, sem bjargað hafi verið frá því, muni vera rauðavín og brennivín eða konjak, sem muni ganga illa út, og, ef toll skuli heimta af því, alls ekki, leitað úrlausnar minnar um það, hvort heimta skuli toll af rauðavíni því, sem bjargað er af skipinu, og ef svo er, af hverjum skuli heimta hann. **36** 8. apríl.

Fyrir þessa sök skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að það leiðir beinlínis af 1. grein tilskip. frá 26. febr. 1872, að þjer verðið að sjá um, að gjald samkvæmt þessari tilskipun verði greitt af öllu víni, er í land verður flutt af hinu strandaða skipi, sem fyrst eptir að það er komið í land, og að toll þenna, eins og önnur útgjöld, er leiða af björguninni, ber að greiða af aðalandvirði hinna strönduðu fjármuna.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk við háskólann í Khöfn handa læknaefnum. — Kirkju og kennslustjórn ríkisins hefir 19. janúar þ. á. skýrt ráðgjafanum fyrir Ísland frá, að hún sama dag í brjefi til háskólaráðsins (consistorium) hafi fallizt á: **37** 10. apríl.

1. að styrkur sá, er veita má af stúdentasjóðnum (communitet) læknaefnum, er menntazt hafa á Íslandi, verði eptirleiðis greiddur þeim beinlínis úr þessum sjóði, í mánaðar-skömmtum, frá þeim degi, er þau sanna, að þau hafi byrjað á námi því, sem styrkurinn er ætlaður til.